

Skýrsla stjórnar Sagnfræðingafélags Íslands fyrir árið 2010

Árið hófst með árlegum bóka fundi Sögufélagsins og Sagnfræðingafélags Íslands sem var haldinn 14. janúar og var að þessu sinni fjallað um fjórar bækur.

Hvað er dómur sögunnar? var yfirskrift vormisseris hádegisfunda félagsins en haldnir voru sjö hádegisfundur undir þeirri yfirskrift. Fundarstjóri á flestum þeirra var Lára Magnúsdóttir og var aðsókn að þeim var mjög góð eins og endranær.

Í febrúar stóð Akureyrar-Akademían í samvinnu við félagið fyrir málþingi sem bar yfirskriftina: Hvað er kreppa? En þar voru endurflutt þrjú erindi sem upphaflega voru hluti af hádegisfundaröð félagsins undir sömu yfirskrift. Gaman væri að framhald yrði af þessu samstarfi.

Aðalfundur félagsins fór venju samkvæmt fram í mars. Íris Ellenberger bauð sig ekki fram til endurkjörs sem formaður og var kjörinn í hennar stað Valur Freyr Steinarsson, aðrir nýir í stjórn voru Huguína Ösp Reynisdóttir og Ólafur Arnar Sveinsson, en úr stjórninni gekk Guðbrandur Benediktsson eftir sex ára stjórnarsetu. Hin nýja stjórn skipti með sér verkum á sínum fyrsta stjórnarfund og var Huguína kosin gjaldkeri og Ólafur ritari. Þórunn Guðmundsdóttir tók við sem varaformaður, en aðrir héldu sínum embættum.

Á aðalfundi félagsins voru einnig samþykktar viðamiklar breytingar á lögum félagsins og væri það of langt mál að telja þær hér upp, en veigamestu breytingarnar voru í tengslum við aðalfund og stjórnarkjör.

Töluverðar umræður urðu á gammabrekku um efni vetrarins 2010/2011 og var ákveðið að endurtaka leikinn frá árinu áður og leyfa félagsmönnum að kjósa um efni á gammabrekku. Úrslitin urðu þau að: Hvað er kynjasaga? sigrði með yfirburðum. Nokkur önnur efni fengu einnig góða kosningu og ákvað stjórn félagsins að: Hvað eru lög? yrði yfirskrif haustmíssersins en fyrrnefnda efnið tekið fyrir á vormísseri 2011. Vel gekk að fá fyrirlesara að þessu sinni.

Sagnfræðingafélagið og Félag Þjóðfræðinga stóð fyrir Landsbyggðaráðstefnunni Undir Hornafjarðarmána sem fór fram 21-23. maí og var dagskráin einkar glæsileg en Íris Ellenberger, Soffía Auður Birgisdóttir og Júlíanna Þóra Magnúsdóttir höfðu veg og vanda af skipulagningu ráðstefnunnar. Þrátt fyrir gott veður og mjög áhugaverða dagskrá voru fáir sem sáu sér fært að taka þátt í henni. En heildarfjöldi ráðstefnugesta var í kringum 30 manns. Fjöldin á einstaka fyrirlestra var þó meiri, þar sem slæðingu af heimamönnum bættust við. Það var samdóma álit flestra sem tóku þátt í ráðstefnunni að hún hefði tekist mjög vel og því leitt að ekki fleiri hefðu séð sér fært að mæta. E.t.v. var um að kenna að hún var haldin um hvítasunnuhelgina og því í samkeppni við aðra afþreyingu. Auðveldlega gekk að safna styrkjum og var kostnaður félagsins við hana ekki ýkja mikill.

Í september byrjun hélt, Ragna Árnadóttir, þá nýhætt sem dóms- og kirkjumálaráðherra, fyrsta fyrirlesturinn vetrarins undir yfirskriftinni: Hvað eru lög? Aðsóknin var dræm til að byrja með en jókst til muna og var kjaftfullt á nokkra fyrirlestra í vetur. En salur Þjóðminjasafnsins tekur í kringum 120 til 140

manns og líklega er ekkert annað fræðafélag sem fær að jafnaði víðlíka mætingu á fyrirlestra sína eins og Sagnfræðingafélagið.

Gagnrýnisraddir hafa heyrst um að félagið leggi of mikla áherslu á hádegisfundina á kostnað kvöldfunda og annarra viðburða. Sú gagnrýni er að einhverju leyti réttmæt, sérstaklega í því ljósi að í áhorfendahópnum eru oft á tíðum fáir sagnfræðingar. Hins vegar hafa hádegisfundirnir öðlast sess í vitund almennings og fræðasamfélagsins og fyrirlesarar félagsins, en yfirgnæfandi meirihluti þeirra eru sagnfræðingar, fá oft á tíðum mikla og góða athygli í fjölmiðlum í tengslum við fyrirlestra sína. Því má segja að fundirnir þjóni tvíþættu markmiði að auka fræðilega umræðu í tengslum við sagnfræði og innan hennar en einnig sem gluggi sagnfræðinga út í þjóðfélagið.

Í nóvember stóð félagið fyrir kvöldfundi undir yfirskriftinni Aumastir allra? En yfirskrift fundarins var sótt í fyrirlestur Björns Þorsteinssonar sem hann flutti á árshátíð Sagnfræðingafélags árið 1983. Þau Már Jónsson, Súsanna Margrét Gestsdóttir, Magnús Lyngdal Magnússon og Hrefna Róbertsdóttir voru fengin til þess að halda stutta tölu um nytsemi sagnfræðinnar og spunnust skemmtilegar umræður um sagnfræðinámið og fræðin. Fundurinn var vel sóttur og heppnaðist í alla staði vel og var það álit flestra þeirra sem tóku til máls á fundinum að sagnfræðingar væru ekki aumastir allra!

Í byrjun desember sendi stjórn félagsins frá sér ályktun um Íslandssögukennslu. En tilefnið var þingsályktunartillaga nokkurra þingmanna um að ráðherra beitti sér fyrir því að vægi Íslandssögu yrði eftt til muna bæði hvað varðar námsefni og námstíma. Í ályktun stjórnar kemur fram að stjórn félagsins lýsir yfir ánægju með vilja alþingismanna til að auka sögukennslu og útbúið verði fjölbreyttara námsefni til slíkrar kennslu. En til þess að svo megi verða, sé nauðsynlegt að auka stuðning og styrki til rannsókna og útgáfu enda mikilvægt að námsefni í sögu sé á hverjum tíma byggt á nýjustu rannsóknum í sagnfræði. „Stjórn Sagnfræðingafélags Íslands fagnar þeirri viðleitni að hlúa að sagnfræðirannsóknum og miðlun og hvetur til þess að allar hugmyndir sem miða að því, komist sem fyrst í framkvæmd.“

Í lok desember sendi stjórn félagsins umsögn um ný lög um Þjóðskjalasafn til mennta- og menningarmálaráðuneytisins. Stytttri útgáfu af umsögn stjórnarinnar má lesa í Fréttabréfi félagsins en í hnotskurn gagnrýnir stjórnin að skv. drögunum eru slitin þau tengsl sem eru milli sagnfræðinga og safnsins með niðurlagningu stjórnarnefndar þess. Er það að mati stjórnarinnar ankannalegt, sér í lagi þegar byrjað er að kenna skjalfræði sem aukagrein til B.A. prófs við sagnfræði og heimspekideild háskólans. Stjórn félagsins mælist einnig til að í lögunum sé skýrt tekið fram, hlutverk Þjóðskjalasafn varðandi varðveislu einkaskjalasafna. Einnig gagnrýnir stjórnin harðlega breytingar á aðgengi að skjölum er koma fram í 18. gr. frumvarpsdraganna En skv. þeim er þjóðskjalaverði heimilt að synja aðgangi að skjali í allt að 110 ár ef um „almannahagsmuni sé að ræða.“ Er hér að mati stjórnar félagsins um „opna“ heimild þjóðarskjalavarðar að ræða sem ekki er frekar útskýrð eða skilyrt í greinargerð með drögunum. Kallar stjórnin eftir nánari útskýringu á hvað löggjafinn eigi hér við, eða felli þetta ákvæði úr drögunum. Enda sé í 17. grein sett niður sú regla að skjöl er varða „virka“ almannahagsmuni séu fyrst aðgengileg þegar 60 ár séu liðin frá tilurð þeirra. Að mati félagsins eru 60 ára reglan nægjanleg fyrir skjöl sem falla undir þessa skilgreiningu og veit stjórn félagsins ekki um nein íslensk tilvik þar sem 60 ára reglan um aðgang almennings og fræðimanna að gögnum hafi á einhvern hátt haft áhrif á „virka“ almannahagsmuni.